

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

# FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. febrúar 6. bréf

## Frá skólastjóra

Síðuskóli í ytri úttekt á árinu

Síðuskóli lenti í úrtaki 10 skóla á landinu sem teknir verða út í ytra mati á þessu ári. Gagna verður aflað á komandi hausti og þeir þrír matsþættir sem verða þungamiðja í matinu eru stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Einnig er gert ráð fyrir að skóli, skólaráð eða sveitarfélag geti komið fram með óskir um að matsteymi skoði einhvern fjórða þátt á starfi skólans.

Gjafir frá foreldrafélaginu

Á dögunum kom Heimir formaður FOKS og færði skólanum fjórar spjaldtölvur til notkunar í sérkennslu. Stjórn FOKS hefur hitt forráðamenn fyrirtækja á Akureyri og óskað eftir styrkjum til verkefnisins. Vel var tekið undir þessa beiðni hjá mörgum fyrirtækjum og afraksturinn varð þessi. Spjaldtölvurnar munu nýtast vel í sérkennslunni því mikið úrval kennsluforríta er til. Myndin er tekin þegar Heimir afhenti Huldu í sérdeildinni spjaldtölvurnar.

Viðtöl

Viðtöl kennara við nemendur og foreldra verða á mánudaginn 3. feb. og þriðjudaginn 4. febrúar. Þessa daga er engin kennsla en frístund opin fyrir þá nemendur sem skráðir hafa verið þessa daga.

Afmælisár

Þann 4. september 2014 verður Síðuskóli 30 ára og full ástæða til að halda upp á þau tímamót. Þar sem afmælið er rétt í byrjun skólaárs þurfum við að hefja undirbúning í vor. Allar hugmyndir um hvernig við eigum að halda upp á afmælið eru vel þegnar og bið ég ykkur sem lesið fréttabréfið að velja þessu fyrir ykkur og senda inn hugmyndir.

Að lokum vil ég upplýsa ykkur um að þetta er síðasta ár mitt sem skólastjóri Síðuskóla. Ég hef verið í þessu starfi í 17 ár og þar áður kennari við skólann frá 1990 og er nú mál að linni og annar taki við keflinu. Þetta eru orðin 24 ár samtals og hér hefur mér líkað vel að vinna. Meira um það síðar.



NÁMSMAT Í  
GRUNNSKÓLA

Megintilgangur  
námsmats er að  
leiðbeina

nemendum um námið og hvernig  
þeir geti náð markmiðum þess.

Námsmat á einnig að veita  
nemendum og foreldrum þeirra,  
kennurum, viðtökuskólum og  
skólayfirvöldum upplýsingar um  
námsgengi nemenda, hæfni þeirra,  
vinnubrögð og framfarir sem m.a.  
má hafa að leiðarljósi við frekari  
skipulagningu náms.

Eins og þið hafið örugglega séð í  
frammistöðumatinu (sem hét áður  
leiðsagnarmat) eru nú í fyrsta sinn  
teknir inn s.k. lykilhæfniþættir sem  
nemendur og kennarar eiga að  
meta. Alls eru þeir fimm talsins skv.  
nýrri aðalnámskrá og ákváðum við  
að taka tvo þeirra fyrir núna en þeir  
eru:

- ◇ Sjálfstæði og samvinna
- ◇ Ábyrgð og mat á eigin námi

Opnað var fyrir frammistöðumatið  
þann 30. janúar s.l. þannig að nú  
geta allir séð niðurstöður og hvetj-  
um við ykkur til að fara vandlega  
yfir þær og koma þannig vel undir-  
búin í viðtölin sem eru framundan.



## Helstu viðburðir í febrúar

3. feb.	Viðtöl í 1.—10. bekk
4. feb.	Viðtöl í 1.—10. bekk
11. feb.	Lokadagur 100 miða leiksins
11. eða 12. feb.	Útivistardagur
27. feb.	Árshátíð
28. feb.	Árshátíð

Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen





Síðast liðinn fimmtudag, 30. jan., luku nemendur í 5. SEB átta vikna ART námskeiði. Haldið var upp á áfangann með pompi og prakt í bekkjarstofunni þar sem nemendur sýndu hvað þau höfðu lært í félagsfærni of reiðistjórnun. Síðan var farið í leiki og að lokum steypu nemendur sér í kúfullar poppskálar og lofuðu kennurum að muna og fara eftir því sem þau hafa lært í ART tímunum.

Takk kærlega fyrir samveruna krakkar, gaman að vera með ykkur.

Þóra og Þuríður

## Viðurkenning skólanefndar fyrir framúrskarandi skólastarf

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka áthygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum og ákveður skólanefnd fjölda viðurkenninga ár hvert að fenginni tillögu valnefndar.

### 1. Skólar/kennarahópar/kennari

Foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir geta tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar. Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun (s.s. heimasíður og fréttabréf), stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almennri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag annars starfsfólks, forvarnarstarf eða foreldrastarf.

### 2. Nemendur

Grunnskólar og Tónlistarskólinn setja sér almennar reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga og senda til valnefndar.

Tilnefningar berist á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. mars ár hvert. Viðurkenningar verða afhentar við hátíðlega athöfn í maí. Valnefnd verður skipuð einum fulltrúa úr skólanefnd, einu foreldri sem tilnefnt af Samtökum foreldra leikskólabarna og einum fulltrúa frá Skólaláunarsviði HA. Fræðslustjóri er starfsmaður valnefndar.





**Guðfinna Sverrisdóttir** er textílkennari við Síðuskóla. Hún er útskrifuð sem textílkennari frá Háskólanum á Akureyri og hefur einnig sótt fjölda námskeiða í sinni grein. Hún hefur unnið í Síðuskóla í níu ár og víða um skólann má sjá flott verk sem hafa verið unnin undir hennar leiðsögn.



## Textílmennt

Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmennt á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast áfram og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttar áherslur í menntun og uppeldi.



Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.





#### 4. bekkur í Hlíðarfjalli

Það var mikill spenningur þegar 4. bekkur fór í Hlíðarfjall mánudaginn 20. janúar í góðu veðri. Skíðafélag Akureyrar skipulagði heimsóknina og bauð upp á kennslu á svigskíðum, brettum og gönguskíðum og voru margir sem nýttu sér hana. Allir nemendur árgangsins mættu í fjallið og voru orðnir sjálfbjarga á skíðum/brettum þegar farið var heim. Tíminn var vel nýttur og það voru því þreyttir og ánægðir krakkar sem fóru úr fjallinu þennan dag. Margir ætluðu að fara fljótt aftur því Hlíðarfjall gaf öllum fjögurra daga lyftukort. Bestu þakkir Hlíðarfjall og Skíðafélag Akureyrar.

Þess má einnig geta að fjórðu bekkingar fóru í sögustund á Amtsbókasafnið og á Kaffi Ilm þar á eftir, og stóðu sig með mikilli þryði í allri framgöngu. Um var að ræða tvöfalda SMT umbun. Það má því segja að nemendur í fjórða bekk hafi gert víðreist í byrjun nýs árs.



## Úr skólalífinu



### Náms- og starfsfræðsla í 8. bekk

Nemendur 8. bekkjar opnuðu stofunnar sínar fyrir gestum og gangandi fimmtudaginn 30. jan s.l. og sýndu afrakstur vinnu sinnar undanfarinn hálfan mánuð. Þau höfðu kynnt sér ýmis störf og heimsóttu fyrirtæki og stofnanir með spurningar sem þau fengu að leggja fyrir forsvarsmenn. Þau útbjuggu svo kynningarbása fyrir hverja starfgrein þegar heim var komið.

Verkefni var unnið í samvinnu náms-og starfsráðgjafa skólans og umsjónarkennara 8. bekkja.

Nemendur eiga hrós skilið fyrir fína uppsetningu og voru skelegg í svörum sínum um þá starfsgrein sem þau höfðu kynnt sér. Vel gert!





## Úr skólalífínu



**Lestrarömmurnar** kærur koma til okkar einu sinni í viku og hafa verið á yngsta stigi og aðstoðað við lestrarnám. Nú hafa þær útvíkkað starfssvið sitt og þjálfa nú þrjónatæknina upp hjá nemendum og veitir ekki af hjálpinni því það er snúið mál að læra að þrjóna. Á meðfylgjandi myndum má sjá þær Ólöfu, Björgu og Erlu að störfum með nemendum í 3. bekk nú á dögnum.



Á **öðruvísi dögum** um miðjan janúar klæddust nemendur og starfsfólk ýmsum óhefðbundnum klæðnaði miðað við árstíma og höfðu gaman af. Þegar rölt var um gangana einn daginn mátti rekast á nemendur í glaðlegum sumarfötum og stuttbuxum þó frostið biti kinn úti.

Skemmtileg tilbreyting að frumkvæði nemendaráðs.





## Hreyfing

Hvers vegna er nauðsynlegt að hreyfa sig daglega?

- Það er gott fyrir beinin þín, vöðvana og liðamótin í líkamanum þínum.
- Það er gott fyrir hjartað, lungun og æðakerfið.
- Hreyfigeta þín batnar.
- Þú átt auðveldara með að halda þér í kjörþyngd.
- Þú verður bjartsýnni.

Hreyfing gefur þér aukna orku.

Þegar þú hreyfir þig framleiðir líkaminn hormónið Endorphin, sem eykur orku og lætur þér líða vel.

Hreyfing hjálpar mörgum að sofa betur, getur haft jákvæð áhrif á þá sem hafa vægt þunglyndi (eru niðurdregnir og daprir) og getur einnig haft jákvæð og góð áhrif á þá sem að hafa lítið sjálftraust.



## MATSEÐILL – Febrúar 2014

3	4	5	6	7
Viðtöl	Viðtöl	Píta með grænmeti hakki og sósu	Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, ferskt grænmeti. Ávextir.	Svínakjöt í súrsætri sósu, hrísgrjón og snittubrauð.
10	11	12	13	14
Plokkfiskur, rúgbrauð og ávextir	Lasagne, snittubrauð og ferskt grænmeti	Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	Pönnukökur með kjúklingastrimlum og salsasósu	Mjólkurgrautur, slátur og smurt brauð
17	18	19	20	21
Hakk, spaghetti og snittubrauð	Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti og sósa. Ávextir	Snitzel, steiktur kartöflur, rauðkál, baunir og laukur	Gratinerður fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti og ávextir	Súpa, brauð og ávextir
24	25	26	27	28
Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og rúgbrauð, ávextir	Kjúklingur, hrísgrjón, maísbaunir og sósa	Fiskisteikur með osti, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa og ávextir	Árshátíð	Árshátíð